

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Svalbarðsstrandarhreppi.

Deiliskipulagsbreyting, Valsárhverfi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 21. september 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Valsárhverfi á Svalbarðseyri. Í breytingunni felst að skipulagi lóða nr. 16, 18 og 20 í Bakkatúni er breytt á þá leið að í stað tveggja raðhúsalóða og einnar parhúsalóðar verði á sama svæði fjórar parhúsalóðir. Parhúsalóðirnar hljóta staðvísinn 16, 18, 20 og 22.

Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 16. febrúar 2021,

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. mars 2021